

## Athugasemdir um kvenfrelsun og jafnrétti kynjanna 2011-2012

(24. mars 2012) Kvennauðgarar! Sæði karlmannna er greinilega gullsigildi. Sveitir fagurra kvenna fara eins og logi um akur og tappa sæði af karlmönnum - trúleg til að tryggja hamingjuríka framtíð. Þær sleppa vel, komi þær á annað borð fyrir dómstóla, því engin lög ná yfir slíka glæpi í gömlu Ródesíu. Hér er verðugt verkefni fyri alvöru jafnréttissinna. Ég á vona á því, að nú rjúki jafnréttisfélög upp til handa og fóta og heimti, að jafnréttislögum verði komið yfir kvenkyns nauðgara.

(24. mars 2012) Áhugavert! Þegar þetta er skrifað hafa 813 manns líst hrifningu sinni. Ég verð þá númer 814. Góð tala. Það er beinlínis frábært að fólk leggi orð í belg og sérstaklega erfingjarnir. Um daginn skrifaði ungur karl um innblástur sinn eftir að hafa tekið námskeiði um kynfræði í Borgarholtsskóla. Meginboðskapur hans var, að mig minnir, að karlar hefðu takmarkaðan skilning á því, hveru illa þeir færu með konur og að konum, væru jafnvel dónalegir. Mér þætti ekki ólíklegt, að þessi höfundur hefði notið ámóta námskeiðs eða fengið svipaða leiðsögn um refilestigu kvennréttindabaráttunnar. Kvenfrelsunarhóparnir eru afar sundurgerðarlegir í dag og eins þegar skyggst er um í sögunni. Ofbeldi og öfgar eru þar ekkert nýnæmi. Alexe Popova, sem barðist gegn ofbeldi karla um þar síðustu aldamót myrti um þrjú hundruð þeirra. Á samta tíma unnu kvennréttindakonur í Lundúnum skemmdarverk og stunduðu líkamsárásr á (karlkyns) lögreglumenn. Á Íslandi í dag eru stundaðar persónunjósni af hálfu sjálfskipaðrar leyniþjónustu kvenfrelsunarsinna. Það hefur líklega gleymst að kenna á námskeiðinu. "Jafnrétti í eðli sínu fer aldrei út yfir skynsamleg mörk," skrifar höfundur og er líklega ókunnugt um, að ákveðnir öfgahópar meðal kvenfrelsunarsinna boða gerræði kvenna. Það eru fleiri aldir síðan boðskapurinn um yfirburði kvenna var festur á bókfell. Þetta smáatriði hefur kennarinn trúlega gleymt að impra á. "Öfgahópar eru þekktir fyrir flest annað en að senda frá sér ályktanir og ræða málin á netinu," staðhæfir höfundur. Hér hlýtur ókunnugleiki að há höfundi.

(24. mars 2012) Betri heimur í auglýsni, konur færa sig sífellt upp á skaptið og jafnræði kynjanna eykst (nema í múrverki og sjómennsku). Það berast einnig fréttir af nauðgunarsveitum kvenna, sem tappa sæði af karlmönnum. Það hefur þó ekki komið fram til hvers það er notað.

(24. mars 2012) Fullnægning í kynlífi er mannréttindi - allavega kvenréttindi. Mig minnir endilega, að Germaine Greer (merkur bókmentafraeðingur og kvenfrelsari frá Ástralíu) hafi skrifað í bók sinni Kvengeldingnum, að fjölskyldulífið dræpi í dróma kynnautn kvenna, galti þær meira að segja. Hafi það haft við rök að styðjast má gleðjast yfir niðurstöðum nýrra rannsókna. Konur slá nú tvær flugur í einu höggi; bæta heilsu sína og fullnægja sjálfum sér við þjálfun. Rannsóknirnar eru unnar við Indiana háskólann, en þar voru á sínum tíma gerðar brautryðjandi rannsóknir í kynfræðum (Kinsey).

(23. mars 2012) Jafnræði karla og kvenna eykst. Og gott er það. Nýjustu fregnir herma, að nú vilji konur Múhameðstrúar taka þátt í hermennskunni til jafns við karla í fyrstu víglínu. Það er afar fátútt í herjum vesturlanda.

(23. mars 2012) Það eru mörg tilbrigði við móðurhlutverkið. Hér segir m.a. frá móður, sem býður drengjunum sínum brjóst til fimm ára aldurs. Mér þykir trúlegt, að piltar

þeir myndu vaða eld og reyk fyrir móður sína - og fórna lífi sínu, ef svo vildi bæri við (eins og karlpeningur flest reyndar). Það er svo margt í móðurmjólkinni. Sumir kvenfrelsunarsinnar telja það dæmi um frelsun konunnar, að hún gefi brjóst sem lengst og sé að því leyti almennileg móðir, aðrir telja aftur á móti, að brjóstgjöf sé órækt dæmi um kúgun konunnar af völdum karla og náttúrunnar sjálfrar.

(22. mars 2012) Athygliverðar, norskar rannsóknir! Barnlausum körlum á besta aldri hefur fjöldað gríðarlega (um fjórðungur), tvöfalt miðað við konur. Konur velja sér enn sem fyrr karla, sem eiga undir sér, sem eru valdamenn með einhverjum hætti, sem eru góðar fyrirvinnur. Þeir mega vera notaðir, en vel með farnir. Miklu fleiri konur en karlar óska þess að eiga börn. Lífhamingjuna virðast býsna margar konur enn telja felast í móðurhlutverkinu. Það gengur fjári tregt að frelsa konuna frá því skrambans hlutverki. Það er eins og þær vilji barasta ekki frelsast - svei mér þá. Ætli við sjáum nú "oven i köbet" lögmál Darwins í raun?

(21. mars 2012) Dapurleg saga um stórmerka konu, Shulamith Firestone, sem aðeins tuttugu og fimm ára gömul eða 1970 gaf út "Prætubók um kynin" (Dialectics of sex), einhverja merkilegustu bók síðustu aldar um samfélag og kvenfrelsun. Ég las bókina í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar. Boðskapurinn hafði geysileg áhrif á mig og fylgir mér enn. Shulamith hvarf því miður af sjónarsviðinu nokkrum árum eftir útgáfu bókarinnar. Nú fann ég loksins skýringuna. Shulamith er andlega lasin. "Þar fór góður biti í hundskjapt." Skelfilega sorglegt.

(21. mars 2012) Konur geta lært starðfræði rétt eins og karlar. Þær eru raunar jafnokar karla á flestum (ef ekki öllum sviðum). Og svo slær hressilega í gömlu öfgakvenfrelsislummurnar um englaeðli kvenna. Hér er sú nýjasta (eiginlega rosikin samt); konur eru jafn "fjölþreifnar" og karlmenn, en taka fjölþreifni og aðra kynferðislega ósvifni oftast nær sér en karlar. Það vantar "skrápinn." En allra best væri, að fólk temdi sér sjálfsagða háttþrýði - eða hvað?

(20. mars 2012) Uggvænleg þróun! Karlmenn virðast draga sig til hlés í uppeldis- og heilsugeiranum. Það stefnir ógnarhratt í að nær eingöngu konur sinni uppeldis-, félags- og heibrigðisstörfum. Það stefnir í aðskilnað kynjanna á vinnumarkaði. Gömu "heimilisstörfin" verða kvennastörf utan heimilis. Er þetta æskileg þróun. Í Noregi í dag eru áttatíu af hundraði sálfræðinema konur. Í geðheilbrigðisþjónustunni í dag stefnir hratt í þá átt, að konur stundi konur, karlmenn eru að verða jafn sjaldgæfir og hvítir hrafnar. Rætt eru um að hygla karlkyns umsækjendum rétt eins og konum er hyglt á öðrum sviðum. Er það hyggilegt? Spyr sá, sem ekki veit.

(11. mars 2012) Í því undurfagra landi, Sviss, er frelsi til athafna, atvinnu og viðskipta haldið í heiðri. Nú ætlar fjórþjóðin að greiða atkvæði um það, hvor reisa skuli sérstök bifreiðastæðahús með sölubásum fyrir kynlífssölufólk, en þannig innréttað, að kúnnarnir geti ekið um og skoðað, hvað í boði sé. Bráðfrumleg hugmynd!

(10. mars 2012) Störf karla hefur sumum konum þótt eftirsóknarverð. Muni ég rétt taldi Simone Beauvoir aðra meginleið konunnar til frelsis og hamingju felast í því að starfa utan veggja heimilisins, taka að sér dæmigerð karlastörf - eða svipuð störf. (Hin er að losa konuna úr viðjum eðlisins.) En böggull fylgir skammrifi. Konur fá í aukum mæli "karlasjúkóma" og lífaldur styttist. Þessi þróun mun vafalaust halda áfram; sérstaklega

þegar konum fjölgar á áhættusömum, vinnuvettvangi karla og verður att fram í fyrstu víglínu sem hermönnum.

(10. mars 2012) Ný spennandi grein, athyglisverður titill. Hef aldrei heyrt um "öfgamaskúlínisma". "Maskúlínismi" og "femínisti", ósmekklegr og óþörf nýyrði. Ég man sæmilega upb síðustu hálfu öld, starfaði á yngri árum á dæmigerðum karlavinnustöðum. Karlar gátu verið dónalegir í garð kvenkynsins og gamað stundum grátt og beint að konum sem kynverum. En fyrst féll mér allur ketill í eld, þegar ég fór að vinna á dæmigerðum kvennavinnustöðum. Dónaskapur og slæmt skopskyn er varla "karllægt". Kynferðislegt ofbeldi heldur ekki. En hins vegar er ofbeldi iðkað af báðum kynjum í kynlífi. Karla ala á nauðgunarórum, konur ala á órum um að láta nauðga sér. Við þurfum að skyggjast aftur í þróunarsöguna eftir góðum skýringum. Enn er ekki sýnt fram á (hvorki af "femínistum" eða "maskúlínistum") að tiltekið ofbeldi einkenni annað hvort kynið (eða það þriðja). Að vísu beita einungis konur aðferð við að drepa börn sín, sem kölluð er á útlensku "Munchausen by proxy", þ.e. seigdrepa þau með því að eittra fyrir þau, sýkja þau eða misþyrma þeim á aðra lund. Það gera þó karlar ekki. En öfgar ber að varast og svo virðist sem þær blómstri á flestum sviðum á Íslandi um þessar mundir. Upplausnarástand! Ætli það sé "nashyrningasyndrómm" (vona, að þetta sé ekki íslenska) það, sem höfundur ræðir um?

(8. mars 2012) Frábær kona, Siri! Fyrirmynd annarra kvenna. Hún þurfti hvorki að bera brjóstin né hysja upp um sig nærbrókina; leyndardóm Víktóríu. Og ei heldur notaði hún dýrmætan tíma sinn til að safna saman dónskap á netinu. Og svei mér þá; hún viðurkennir fjandakornið alls ekki að hún sé fórnarlamb vondra karla. Um þrjátíu af hundraði "sprota" í Noregi eru konur. Þetta er allt að koma, þær eru á leiðinni. Greiðum þeim leið.

(7. Mars 2012) Sæði karla kætir konur! Karla hefur lengi boðið í grun, að sæði þeirra væri ástkonunum upplýfting. Nýjar rannsóknir benda til, að ýmis konar efni í sæðisvökvanum stuðli að léttri lund þeirra. Fleira upplífandi má lesa í þessari grein.

(6.mars 2012) Konubrjóst úr gervifroðu eru víðar til umfjöllunar en á Íslandi. Í Danmörku býður bar nokkur uppá brjóstasamkeppni fyrir konur. Sú heppna hlýtur tvö froðubrjóst í verðlaun (þó líklega laus við lekanda). Fræðimaðurinn, Karen Sjörup, segir þetta renna stöðum undir þá kenningu, að konubrjóstið sé nú orðið einhvers konar vopn í kvenfrelsuninni. Hvernig sem því líður beita svonefndir "femínistar" í Rússlandi og Úkraínu vopninu af mikilli íþrótt. Hliðstæðan gæti verið reðursamkeppni karla. Verðlaunin gætu verið reðurlenging. Það er óneitanlega margt skrítíð í kýrhausnum.

(5.mars 2012) Leyfi mér að benda á fróðlega grein um mál málanna á Íslandi, þegar frá eru talin réttarhöld yfir Geir Haarde og nýtt forsetaframboð hins íslenska Pútíns, kvenfrelsun. Þegar þessi athugasemd er skrifuð hafa 543 lesendur lýst velpóknun sinni. Í greininni ægir saman alls konar hugtökum. En boðskapurinn held ég sé, þegar öllu er á botninn hvolft, stuðningur við jafnrétti kynjanna og fordæming á dónaskap. Ég tek af öflugri sannfæringu undir það. Hins vegar hrópa ég ekki "halelúja". Það hrópa þeir helst sem aðhyllast trúarbrögð, hafa fundið sannleikann. En ég leita enn. Höfundur hvetur okkur lesendur "að vera baráttukonur sjálf." Bráðskemmtileg málfræði það. Og svo er það hugtakahrægrauturinn, þar sem í sömu andrá er talað um kvenfrelsi, jafnrétti, jafnréttismál, jafnréttisbaráttu og "femínisma" (andhverfan væri þá trúlega maskúlínisti). Hafi ég skilið þá stórmerku konu, Simone Beauvoir rétt (langt síðan ég las

rit hennar) taldi hún tvennt standa konunni fyrir þrifum til aukins þroska, vaxtar og viðgangs (trancedence); eðli hennar (þ.e. barneignir og brjóstgjöf einkanlega) og karlmenn, sem tálmuðu leið hennar að kjötkötlunum. Simone hafði töluvert til síns máls enda þótt málið sé gríðarlega miklu flóknara en sem svo. Látum það liggja milli hluta í bili, en líta til samfélaga vesturlanda í dag, þar sem kynin tvö standa jöfn fyrir lögum. Hvar standa karlar í vegi kvenna til að þær megi þroskast og eflast. Ég spyr oftsinnis, en fátt verður um svör. Trúin á eðlislæga karlillsku er sorgleg. Þegar fólk aðhyllist slíka trú má skilja, að hrópað sé halelúja. Enn hefur ekki tekist að frelsa konuna frá eðli sínu, en það nálgast með nýrri tækni. En konum sjálfum er gjarnt að spyrða sig við börn. Stundum mætti ætla að þær vildu ekki frelsast! Annað torskiljanlegt hugtak er "kynbundið ofbeldi." Hvers konar ofbeldi er ekki kynbundið? Ég vona svo sannarlega - sérstaklega vegna unga fólksins, sem nú vex úr grasi - að kynin taki höndum saman í sameiginlegri baráttu fyrir betra mannlífi og muni, að eiginleg kvenfrelsun er mannfrelsun; karlar hafa ekki endilega og af yfirvegun valið sér kynhlutverk. Þau eru menningarbundin og kynin bera þar jafn ábyrgð - eða hvað?

(5. mars 2012) Í Noregi er "óréttlæti" í þágu réttlætis leitt í lög. Fjörtíu af hundraði stjórnarmann í fyrirtækum skulu vera konur. Það er leitað að þeim með ljósum lögum. Það tekst að særa konur til að taka að sér slík störf, kemur á daginn (samkvæmt þessari grein), að fyrirtækjum vegnar betur. Nú skal jafnvel innleiða "norsk" lög í Evrópusambandinu. En hvers vegna í ósköpunum er þess "þörf." Hví koma konur ekki kátar og keikar til þessara starfa?

(3.mars 2012) Eins og vinum mínum á Snjaldurskinnu vafalaust er fullljóst er ég mikill áhugamaður um nærbrókina góðu, Leynardóm Viktóríu. Það er sárt til þess að hugsa, að Kate Upton (sjá mynd hér að neðan) skyldi ekki vera nógu tálguð fyrir sýningar á brókinni. Það er verulegt áhyggjuefni, að um þessar mundir eru fyrirsætur u.þ.b. fjórðungi grennri en kvenfólk almennt. Allir vita að konur striplast fyrir karlmenn. En konum virðist ekki ljóst, að karlar laðas helst að hinni dæmigerður endurreisnarkonu 16. og 17. aldar, sem litu út eins og útsprungar, íslendar heimasætur á árum áður. Ástandið er vægast sagt skelfilegt. Hér er ennþá eitt skuggalegt dæmi úr kúgun karla á konum svona yfirleitt.

(25. feb. 2012) Nærbrókin; "Leynardómur Viktóríu," á hug minn allan um þessar mundir - eða öllu heldur allar þær frjálsum konur, sem auglýsa hana við hinar og þessar aðstæður. Þær eru bæði glæsilegar og gáfaðar eins og Týra, sem lauk námi við í viðskiptum við Harvard háskóla.

(23. feb. 2012) Stóra systir færir stöðugt út kvíarnar. Nú eru karlmenn kvaddir (af fúsum og frjálsum vilja meira að segja) til að gefa lögreglunni erfðaeftnasýni til að sanna sakleysi sitt, falli á þá grunur um nauðgun. Áhugavert efni!

(22. feb. 2012) Eymingja Auðunn, barnamálaráðherra Noregs (enda þótt alkunna sé, að karlmenn beri ekki skynbragð á börn)! Honum var svo áfram um að vera góður strákur, að hann gaukaði 150.000 NOK (um þrem milljónum heimsmeistarakróna) að stúlkum í eigin forræðisflokki, sem vildu kenna hinum stúlkunum að verjast karlmönnum, sem allir eru nauðgarar í eðli sínu (samkvæmt þeirri hugmyndafræði, sem liggur til grundvallar). En það eru úr háum söðli að detta. Kórvilla. Nú eru líkur til, að norska Stórþingið krefjist rannsóknar. Þá er úti ævintýri, fyrir gjörvilegan, ungan stjórnálamann, sem langar svo óskaplega að gerast leiðtogi flokksins síns.

(21. feb.) Dominique er mikill, franskur stóðhestur. Nú er hann yfirheyrður vegna kynsvalls með vændiskonum, en það ku vera litið hornauga í Frakklandi. Dominique verst fimlega; hvernig má sjá muninn á nakinni gleðikonum og öðrum konum? Veit einhver svarið?

(17. feb. 2012) Íslenskir feður, hálfgamli karlar í dag (með hjálp nokkurra gáfaðra mæðra), börðust "blóðugri" baráttu fyrir rétti barna til samvasta við feður sína gegn andróðri kvenfrelsaranna. Það hafðist lokins "hér um bil" sigur. Ég hvet íslenska feður til að halda merkinu á lofti. Glutra sigrinum ekki niður.

(16. feb. 2012) Er það ekki kynferðisleg áreitni við konu að fara berrassaður í heitan pott með henni? Það þótti í minni sveit. Hæstiréttur Íslendinga hlýtur að vera á villigötum. Ég legg til að kvengerræðissinnar taki sig nú til og fremji berbrjósta mótmælastöðu við húsakynni Hæstaréttar og krefjist sérstaks dómkerfis fyrir konur, sem verða fyrir kynferðislegri áreitni karlanna, undir- og yfirmanna.

(13. feb. 2012) Ungmeyjavarnir gegn vöndum körlum eru kenndar hérna í Noregi. Þjóðþrifamál. Starfssemin er styrkt af norskum stjórnvöldum. Það er ævinlega huggun að vita, að skatturinn komi að gagni. En nú ætla kvengerræðissinnar að taka málin í eigin hendur og bæta um betur. Hið besta mál. Vona, að þeir fái rífleg framlög úr ríkissjóði. SV - félagshyggjuflokki Noregs - er svo mjög í mun að styðja við framtakið, að venjulegar úthlutunareglur eru sniðgengnar.

(13. feb. 2012) Kvengerræðissinnar beita brjóstum sínum gegn eymingja Vladimir - vona, að honum rísi hold (það fylgir ekki sögunni, hvað svo skuli gert). Beittasta vopnið í frelsunarbaráttunni, sem engan enda vill taka. Fyrir rúmri öld síðan upphófst kvengerræðisbaráttan í Rússlandi. Þá myrti frú Alexe (vona, að ég muni nafnið rétt) um tvö hundruð karlmenn. Þeir voru að sögn eiginkvennanna vondir við þær.

(13. feb. 2012) Jafnréttið sigrar einu sinni enn; eigin gistihús handa konum, eigin stætisvagnar handa konum, eigin legusjúkradeildir handa konum, sérstakar bráðmóttökur handa konum, eigin legudeildir handa konum og börnum, eigin athvörf fyrir konum, sérstakur kvennadagur, sérstakur dómstóll handa konum, næturhrafngöngur í þágu kvenna, osv. Okkur miðar greinilega í rétta átt. Framantalið hlýtur að stuðla að betri skilingi kynjanna hvoru á öðru - eða hvað?

(13. feb. 2012) Íslenskar konur! Nú er bara að draga númer. Norskar vilja samrekkja Tooji. (Hann er orðinn vinsælli en fjöldamorðinginn). Það skella á houm flóðbylgjur kvenna. Sylvía varð fyrst til að reka honum óviðbúnum rembingsskoss. Íranska kyntróllið er svakalega hissa á þessu öllum saman. Hér er tækifærið til að ná til hans. Lykke til.

(10. feb. 2012) Loksins, loksins öðlast konur (vonandi) sama rétt og karlar til að bera vopn og drepa fólk. Jafnréttisbaráttan ber árangur. Herskylda kvenna er í undirbúningi í Noregi. Til allrar hamingju er orðið svo auðvelt að drepa fólk, að það ætti að vera nóg að senda konu uppí háloftin í flugvél til drita niður sprengjum á mann og annan. Líklegar verður þó ekki Sýrland fyrir valinu. Þar er nefnilega enga olíu að finna og því ekki jafn nauðsynlegt að verja saklaust fólk og í Líbíu. Og svo veit Espen manna best, hvað konur eru miklu duglegri við að hugsa "kerfisbundið."

(4. feb. 2012) Þetta er verulega sorglegt. Þó hugsanlega framför, þótt í smáu sé, sé miðað við ástandið fyrir um fjórtíu árum, þegar réttur feðra var ámóta og flækingshunda. Kvenfrelsarar hafa þagað þunnu hljóði um þetta óréttlæti gangvar feðrum og börnum og reyndar unnið leynt og ljóst gegn leiðréttingu. Þeim er skömm að.

(22. jan. 2012) Bandaríkjaher þjálfar þá til að brjóta niður andstæðingana með öllum ráðum. Margir þeirra eru niðurbrotnir fyrir, hirtir upp úr mannsoranum. Þeir eru sömu gerðar og þeir, sem fylla fangelsin; margir hverjir þroskaheftir, þroskaskertir, heilaskemmdir og/eða fíkniefnasjúklingar. Þeir koma heim úr stríðinu ennþá skertari á sál og líkama, en áður en þeim var sigað á fólk í framandi landi. Er það furða, þótt karlmennskan snúist upp í andhverfu sína, að þeir snúi sér að kynhermennsku gagnvart konum af heimaþjóðinni. En hvar eru kvenhermennirnir? Kvenhermennska gæti snúið dæminu við.

(22.jan. 2012) Réttarfar í sambandi við nauðganir er víða í sviðsljósinu um þessar mundir og jafnaðarlega á Íslandi síðustu mánuði. Hér er réttarúrbotasaga frá Líberíu, hvaðan komu tvær þriggja kvenna, sem hlutu friðarverðlaun Nóbels á síðasta ári. Þar hefur verið komið á fót sérstökum dómstólum til að bæta réttarfarið. Nú er í fyrsta sinn réttað yfir konu, sem ákærð er fyrir að hafa nauðgað 12 ára gömlum dreng. Hversu margar konur hafa á Íslandi verið látnar svara til saka? Engin, eftir því sem ég best veit. Heldur ekki grannkonurnar úr Þorpinu, ofur venjulegu sjávarþorpi á Íslandi, sem létu hálfstálpaðan drenginn ganga á milli sín, þegar karlarnir voru á sjó. Eitt versta nauðgunarmál, sem ég hef komið nærri, jafnvel þegar með eru taldar hópnauðgar í pyntingaskyni.

(21. jan. 2012) Athygliverð kona fyrir margra hluta sakir, Tawakkul! Hún býður herforingjum byrginn, ber sér á brjóst og sækir í sig veðrið. Karlarnir fylgja henni og styðja á alla lund. Hún er ekki fórnarlamb, heldur góð fyrirmynd kvenna í Jemen og gefur öllu réttisýni fólki innblástur til að berjast fyrir réttlátu samfélagi.

(20. jan. 2012) Í minningu ungfrúar, Júlíu Strindbergs; ný saga og aldagömul. Draumur hvernar konu er auðsveipur karlmaður - og því er ekki að neita, að hún vill berjast fyrir honum. Öflugasta vopnið er kynþokkinn eða það, sem kvengerræðissinnar (femínistar) kalla kynþokkaverðmæti. Hér er margt fróðlegt að skoða eftir kvenkyns fræðimann, enda þótt hún standist ekki Shulamith Firestone snúning.

(20. jan. 2012) Andstyggðarhegðun gagnvart börnum. Og svo virðist sem konurnar láti sitt ekki eftir liggja. Hér er sagt frá 26 ára gamalli móður, sem misnotaði kynferðislega eigin afkvæmi. Það er eins og máttarvöldin ljúki hægt og bítandi upp augum fyrir hinu "óhugsanlega", sem einu sinni var.

(17. jan. 2012) Það frábrugðna er ógnandi. Jafnvel á líðandi stundu má samkynhneigt fólk þola ofsóknir. Móðir þessa unga herra reyndi að flæma úr honum samkynhneigðardjöfulinn með hjálp kirkjunnar þjóna. Því miður valdi hann að svipta sig lífi. Stuttmynd eftir hann má sjá hér að neðan ásamt öðrum fróðleik um efnið.

(16. jan. 2012) Í tæknideildinni í Trömsoy í Noregi eru vaskir karlar. Forkonan í þróunardeildinni hafði á orði, að tiltekin gömul og friðuð trágöng væru of rökkvuð á ákveðnum tímum ársins. Þarna í grenndinni hefði nefnilega karl nauðgað konu. Því væru nauðgunarvarnir nauðsynlegar. Karlarnir létu sig ekki muna um að saga fjárans

**göngin niður. Svo kærleiksríkir og keikir eru karlar, þegar vernd kvenna er annars vegar.**

**(15. jan. 2012) Stundum breyta hjörtu hinna ungu sveina, segir íðilfögur Cult-mær. En hún hefur þann starfa að draga karlmenn á talar til að selja þeim eitthvað áfengt sult. Þetta er að mörgu leyti tímanna tákn. Hvet fólk til að lesa vel skrifaða grein um málið og skoða upptökurnar, sem fylgja. Þar er greint frá hugsunarhætti þessarra ungu kvenna og frá þeirri þjálfun, sem þær hljóta. Þessi sölumennska virðist að mörgu leyti endurspegla aðstæður, þar sem konum er nauðgað af karlmönnum, þ.e. teitissnauðganir. Allavega er um að ræða nauðgunarákærur.**

**(15. jan. 2012) Umræðan um fóstureyðingar blossar upp með reglulegu millibili. Nú er unnt að greina fósturið betur en nokkru sinni áður, t.d. galla í erfðavísunum. Fjöldi forreldra lætur t.d. eyða "Down-heilkennis-fóstrum." Í því sambandi tekur konan eðli málsins vegna endanlega ákvörðun. Öðruvísi getur það ekki verið fyrr en glasameðganga og einræktun losa konur undan því fári að ganga með börn. Nú er því haldið fram að skerða beri þennan rétt kvenna, að það sé guði ekki þóknanlegt að skapa "sundurgreiningarsamfélag" með þessum hætti. Valdar fóstureyðingar eru bornar saman við glæpi Hitlers gegn fötludu og lasburða fólk. Hér er prýðileg grein um erfitt mál. Þó er ekki fjallað um rétt "samfélagsins", sem þarf að standa straum af framfærslunni.**

**(14.jan. 2012) Áhugavert efni fyrir kvenfrelsara og átrúendur karlillskunnar - og raunar allt áhugafólk um gott mannlíf. Í Danmörku hafa konur (eins og víða um heiminn) þann starfa að selja ýmsan varning. Þær, sem frá greinir í þessari grein, beita daðri og ýmis konar annarri kynþokkafullri "tálbeitutækni" til að selja m.a. áfenga drykki kynlífsþyrstum karlmönnum. Þetta gera þær af fúsum og frjálsum vilja. Ein þeirra hætti fyrir skömmu, því hana rak í rogastans, þegar hún uppgötvaði, að sumir hinna tældu karlmanna "misskildu" skilaboðin. Þeir héldu að boðið væri upp á bólfarir. Það er alveg makalaust, hvað karlmenn eru gersneyddir háttprýði og samskiptahæfni.**

**(14. jan. 2012) "Kynjavandinn" (eða er þetta ef til "kynjahallinn", sem kennt er um í kynjafræðum á Íslandi) í hnotskurn. Í stjórnum fyrirtækja er lögbóðið, að kynin hvort um sig skyldu eiga fjórtíu af hundraði fulltrúa. En því miður neyðast fleiri fyrirtæki og stofnanir til að brjóta lög, því nægilega margar konur bjóða sig ekki fram til þessara mikilvægu starfa. Og margar þeirra, sem reyna sig, draga sig í hlé, lýsa því yfir að þeim finnst þetta of annasamt og erfitt. Aðrar kvarta undan því aðkasti og þeirri vondu athygli, sem því miður fylgir því að vera í sviðsljósinu nú á tímum nútíma boðtækni. Konurnar kvarta sáran og kalla þessa skammarlegu hegðun kynferðislega (eða heitir það nú kynbundin) áreitni, karlarnir kvarta síður, taka þessu með "hefðbundinni karlmennsku." Lögregluforingjar af kvenkyni reyna nú að hugga kynsystur sínar og herða. Svona er að vera sýslumaður.**

**(11. jan. 2012) Góð tíðindi! Breskar virðast reka af sér slyðruorðið smám saman og bjóða sig fram til og krefjast jafnvel metorða í einkageiranum - án lögbundins "ójafnréttis." Í Noregi gengur maður undir manns hönd til að fylla kvennakvótann - en gengur illa. Því miður! Það ætti að vera góður markaður fyrir stórhuga íslenskar konur hérna í útlöndunum.**

(10. jan. 2012) Um aldirnar hafa feður tekið við meginábyrgð á uppeldi sonanna u.þ.b. frá sjö ára aldri. Á síðiðnyltingartímum - á Íslandi síðustu þrjá áratugi eða svo - brá svo við, að uppeldi drengja færðist yfir til stofnanna. Þessar stofnanir, dagheimili, leikskólar og grunnskólar eru að meirihluta skipaðir konum. Samtímis hafa fjölskyldur flosnað upp með þeim afleitu afleiðingum, að margir synir hafa að mestu leyti kynnst feðrum sínum af afspurn mæðranna og fundið skrumstældar karlfyrirmyndir í fjölmiðlum. Þeir hafa með öðrum orðum margir hverjir aldrei lært eðlilega karlmennsku. Nú er eins og atvinnuuppalendur sjá að sér. Hér má lesa um samband frammistöðu pilta og kyns kennara, þ.e. drengir standa sig betur í skóla, fá þeir að njóta "karlmannlegrar" kennslu.

(6. jan. 2012) Sara er ungur, norskur námsmaður, sem selur kynlífsþjónustu eins og margir aðrir námsmenn. Hún segist ekki vera "fórnlamb." Hvernig getur það komið heim og saman?

(5. jan. 2012) Ungur kvenrithöfundur lýsir uppeldi í ranni sænskrar "stjörnumóður" sinnar, sem einkenndist af ýmis konar ofbeldi, karlafari og drykkjulátum. Tíu ára gömul fékk hún að vita um faðernið.

(3. jan. 2012) Óblandin ánægja gömlum Kvennalistastuðningsmanni og jafnréttissinna. Nú vil ég sjá gagngerar breytingar; t.d. stórfellda hækkun launa hinna svonefndu kvennastétta, umfram allt forskóla- og grunnskólakennara, breytingar á leikskóla- og skólastarfi til að koma betur til mótis við þarfir pilta, rannsóknarnefnd, er kanni misrétti kynjanna í forsjármálum og leiti leiða til betri rannsókna og meðferðar nauðgunarmála, gagngerar aðgerðir til að fjölga körlum í barnaverndinni, hjúkrunarstörfum og félagsþjónustinni annars vegar og fjölgunar kvenna meðal iðnaðar- og sjómanna hinsvegar - svo fátt eitt sé nefnt.

(30. des. 2011) Það væri lukka íslenskri þjóð að leggja eyru við boðskapi Lykke, ráðherra (eða heitir það ef til vill ráðfrú núna?) jafnra tækifæra í gamla móðurlandinu, Danmörku. Það hefur greinilega runnið upp fyrir henni, að svokölluð kvenfrelsunarbarátta er orðin tímaskekkja. Við skyldum huga að réttlæti og jafnræði fyrir allt fólk.

(30. des. 2011) Góður ásetningur að fjölga stjórnarkonum. Hér úti í Scandinavium gilda svipuð lög, en látlaust leitað að konum til að til að taka að sér stjórnun á rekstri stofnanna, sveitarfélaga og fyrirtækja. Undarskildar þó eru heilbrigðisstofnanir, uppeldisstofnanir og félagsþjónusta. Vonandi berja íslenskar konur sér á brjóst og stíga á stökk. Það vantar ennfremur sjókonur, múrarakonur, píparakonur og trésmiðakonur, svo nokkuð sé nefnt.

(27. des. 2011) Handa áhugafólki um jafnrétti kynjanna og mismun(un) þeirra; laggóð yfirlitsgrein í nokkrum köflum um m.a. kvenmorðingja, sem drepa sér til fróunar, til að hefna harma sinna, skapa spennu ellegar til að krydda kynlífið. Því miður færast konur sífellt í aukanna á þessu sviði, þ.e. áþreifanlegu ofbeldi.

(22. des. 2011) Nú koma karlaathvörfin - loksins. Lúrbarðir karlmenn flýja barsmíðar kvenna sinna. Þeir viðurkenna vanmátt sinn og neita að taka þátt í handalögmálum. En hvers vegna þarf sífellt að aðskilja kynin? Væri ekki affararsælla að bjóða konum og körlum að búa saman og kenna þeim að tala saman í stað þess að stugga þeim í sundur?



**(20. des. 2011) Fróðlegt framlag til kynfræðanna, aðferðin er nýlunda í fræðunum. Margt áhugavert, t.d. það, að algengustu leitarorð kvenna á höttum eftir bólfélaga (af hinu kyninu) eru: Kúreki (alveg eins og í Malboro auglýsingunum), konungssonur, læknir, riddari og lífvörður. Trúlega eru bandarískar konur í meirihluta. Um þessar mundir trúi ég, að norskar konur myndu bæta við leiðarorðinu; iðnaðarmaður (það heyri ég alla vega oft og tíðum), sumar jafnvel leitarorðinu, fjöldamorðingi. Karlar virðast helst vilja berja augum fallega kvennakroppa.**

**(11. nóv. 2012) Það er víðar en á Íslandi, að konur ásaka karlmenn um kynferðislega áreitni. Hér má lesa um eitt tilvik af mörgum; unglingsstúlka nokkur ákærir roskinn karl í stjórnsýslunni. Stúlkan og (kvenkyns)lögfræðingur hennar telja sér sér misboðið, að karlinn haldi fra sakleysi sínu og þverneiti að hverfa úr sviðsljósinu og játa á sig sök. Hann hefur þó hrökklast úr embætti sínu. En hefur þó ekki átt sér stað "kosning" um það, hvort þeirra sé bágast statt eins og virðist vera lýska á Íslandi um þessar mundir í sams konar harmleikjum.**

**(10. nóv. 2011) Það fallegasta og jafnframt það viðbjóðslega í mannlífinu á sér stað innan vébanda fjölskyldunnar. Það er fremur sjaldan fjallað eru glæpi kvenna gegn börnum og fullvaxta karlmönnum. Enda er miklu uppbyggilegra að leggja áherslu gleði, ást, vöxt og viðgang í samskiptum kynjanna annars vegar og foreldra og barna hins vegar, heldur en fjalla um konur, sem eittra fyrir börnum sínum, myrða þau, beita þau kynferðislegu ofbeldi, skera undan körlum sínum, aka yfir þá eða kveikja í þeim.**